

Reglur um fangaflutninga

1. gr.

Tveir fangaverðir skulu annast fangaflutning nema annað sé sérstaklega ákveðið.

2. gr.

Leita skal á fanga bæði fyrir og eftir flutning út af fangelsissvæðinu.

Fangi skal ekki vera án gæslu nema þegar hann á viðtal við lækni eða annan sérfræðing sem hann á rétt á að ræða við í trúnaði.

Þegar fangi fær að fara til tiltekinnar athafnar í fylgd getur forstöðumaður fangelsis, í sérstökum tilvikum, ákveðið að fangi verði án gæslu við athöfnina. Í slíkum tilvikum skal sérstaklega huga að strokleiðum og öðrum öryggisþáttum.

3. gr.

Flutningsmenn ákveða, í samráði við varðstjóra eða forstöðumann ef sérstaklega stendur á, hvort afplánunarfangi skuli fluttur í handjárnnum. Við slíkt mat skal taka mið af hættu sem fangavörðum eða almenningi kann að stafa af fanganum og brota- og afplánunarferli fangans. Í vafatilvikum skulu handjárn notuð.

Almennt skal flytja gæsluvarðhaldsfanga í handjárnnum. Flutningsmenn geta ákveðið í samráði við varðstjóra að gæsluvarðhaldsfangi sem ekki er í einangrun skuli fluttur án handjárna, enda sé gætt sömu atriða og í 1. mgr.

4. gr.

Fangi má aldrei sitja við hlið bílstjóra og aldrei má skilja hann eftir einan í bifreiðinni.

Ekki er heimilt að taka við eða flytja sendingar fyrir fanga í fangaflutningi.

Farangri fanga skal komið þannig fyrir að hann geti ekki náð til hans.

Við fangaflutninga skulu flutningsmenn ávallt hafa á sér farsíma, handjárn og táragas.

5. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um fangaflutninga, dags 26. ágúst 1998.

Fangelsismálastofnun ríkisins 1. desember 2006

Valtýr Sigurðsson (sign.)